

7. BEKKUR 2015

ÍSLENSKA

Settu límmiðann
innan rammans

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI I

Nafn: _____

Bekkur: _____

Skóli: _____

- Merktu prófheftið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri eigi við þig.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn ☐, ekki fylla alveg í reitinn ☐.
- Athugaðu að svör á aukablöðum eða rissblöðum verða ekki metin.
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

Lestu textann úr **Flateyjarbréfunum** og svaraðu spurningunum.

Flatey í ~~rokrassi~~, 8. júní

~~Ástkæra~~ Kæra Arnfríður,

Mamma sagði að það eigi alltaf að byrja svona gamaldags bréf á kurteislegu ávarpi. Svo þegar ég geri það þá segir hún að það sé óviðeigandi. Hvernig á maður að læra þegar maður fær svona óljósar leiðbeiningar?

Ertu nokkuð búin að fá bréfið frá mér? Ég bíð spennt eftir svari frá þér. Vonandi kemur það í dag eða á morgun.

Ég hefði átt að taka betur eftir í landafræðitímunum í vetur. Ég sé það núna. Hefur þú komið til Flateyjar!?! Í fyrsta lagi er Flatey varla eyja, hún er meira eins og sker. Það er sko hægt að labba um alla eyjuna. Hér eru engir bílar eða neitt, jú, reyndar nokkrar eldgamlar druslur sem fólk notar til að flytja dótið sitt úr ferjunni og í húsin sín. Annars notar enginn bíl. Hér ganga allir um allt.

Í öðru lagi er ekki borg í Flatey! Það eru hús en þau eru álíka mörg og húsin í götunni minni heima í Grafarvogi. Þau eru líka mjög skráttin í útliti, gerð úr spýtum og eru gamaldags og marglit. Það er eins og allir íbúarnir hér hafi ákveðið að mála í skærasta litnum sem til var í málningarbúðinni. Húsin eru ýmist gul, rauð, græn eða blá. Eitt er fjólublátt, í alvöru!

Í þriðja lagi er ekki einu sinni búð hérna. Það er smá sjoppa en það er ekkert til í henni nema klósettpappír og Prins Pólo. Kristján fór að grenja þegar hann ~~fattaði~~ uppgötvaði að hann kæmist ekki í Nammiland á laugardögum. Gott á hann, honum var nær að vera svona spenntur yfir ferðinni.

Húsið okkar er rautt með svörtu þaki og stendur mjög nálægt bryggjunni. Á neðri hæðinni er lítið kaffihús með átta borðum. (Það passar örugglega fyrir alla sem búa á eyjunni.) Á efri hæðinni er íbúðin okkar. Tvö herbergi, stofa og eldhús.

Nú heldur þú örugglega að ég hafi gleymt að skrifa baðherbergi. Nei, ég gleymdi því ekki. Það er EKKERT *baðherbergi* í húsinu!!! Pabbi hló bara að mér þegar ég spurði hvort klósettið væri á háaloftinu. Svo fór hann með okkur Kristján bak við hús og kenndi okkur á *útikamarinn*. Þar sem þú ert kennari þá geri ég ráð fyrir að þú þekkir orðið og vitir hvað ég er að tala um. En ég verð alveg að viðurkenna að ég vissi fyrst ekki hvað pabbi átti við. Nú kann ég að pissa og kúka ofan í holu í gegnum stórt gat í ísköldum kofa.

Eins og þetta væri ekki nóg til að gera þetta hús það ömurlegasta sem ég hef búið í heldur á ég alveg eftir að segja þér frá herberginu mínu. Það er að segja herberginu okkar Kristjáns. Jú, mikið rétt. Næstu sjö vikurnar þarf ég að deila herbergi með bróður mínum sem er ekki bara leiðinleg klöguskjóða heldur líka frekasta krakkagerpi á öllu norðurhveli jarðar. (Og hann bítur.) Í herberginu, sem er á stærð við skúringakompuna í skólanum, er kofa. Ég náði efri kojunni en brósi grenjaði og vældi (hann var enn fúll yfir laugardagsnamminu) þar til pabbi missti þolinmæðina og sagði að við yrðum að skiptast á og Kristján fengi efri kojuna fyrst. Ég mótmælti að sjálfsgöðu kröftuglega en enginn hlustaði á mig. Ég sé núna að sennilega hefði verið skynsamlegt að henda mér í gólfið og grenja hærra en Kristján. Þá hefði ég örugglega fengið efri kojuna. Of seint núna.

Pabbi og mamma eru alsæl. Þau eru á fullu að gera húsið hreint og fínt fyrir ferðamennina. (Eins og einhverjir komi ótilneyddir hingað á þetta sker þar sem ekkert er hægt að gera eða skoða – þau eiga sko eftir að verða fyrir vonbrigðum.) Mamma er að viðra ljóta grænköflótta dúka úti á snúru og pabbi rembist við að læra á eldgamla kaffikönnu sem lítur út fyrir að hafa staðið hér í 100 ár.

┌

Ég er hins vegar ekki alsæl. Ég er mjög vansæl. (Ég fann þetta orð í orðabók – stolt af því.) Ég verð að segja að það var margfalt betra að eiga mjög upptekna foreldra sem voru sívinnandi en áttu í staðinn gríðarlega flott hús í Grafarvogi með tveimur baðherbergjum, mörgum svefnherbergjum og öllum helstu rafmagnstækjum og afþreyingargræjum fyrir börnin sín. Þó svo þau hafi lítið verið heima og aldrei haft tíma til að spila eða baka kanilsnúða, þá hafði ég það fínt.

Nú er mamma að reka mig út í göngutúr. Þau nenna víst ekki lengur að horfa á hræðilega fýlusvipinn sem ég er með á andlitinu. Gott á þau! Skrifa meira á eftir.

(Kristjana Friðbjörnsdóttir, 2010, Flateyjarbréfin)

1. Hvað finnst mömmunni óviðeigandi?

- ☐₁ innihald bréfsins
- ☐₂ leiðbeiningarnar
- ☐₃ orðalag stúlkunnar

2. Bréfið hefst á

- ☐₁ ávarpsorðum.
- ☐₂ inngangi.
- ☐₃ kynningu.

3. Stúlkan skrifar bréf án þess að

- ☐₁ hafa fengið svar við fyrra bréfi.
- ☐₂ hafa nokkuð frétt næmt að segja.
- ☐₃ kannast við viðtakanda bréfsins.

4. Hvað finnst bréfitara um húsinn á eyjunni?

- ☐₁ Henni finnst að þau mætti laga.
- ☐₂ Henni finnst þau reisuleg.
- ☐₃ Þau eru öðruvísi en hún á að venjast.

┌

5. Hvaða setning lýsir best litlu búðinni á eyjunni?

- ☐₁ Vöruúrval er af skornum skammti.
- ☐₂ Þar er hagstætt vöruverð.
- ☐₃ Öllum þörfum kaupenda er sinnt.

6. Hús fjölskyldunnar er

- ☐₁ frekar afskekkt.
- ☐₂ inni á eyjunni.
- ☐₃ við sjávarsíðuna.

7. Viðtakandi bréfsins er

- ☐₁ frænka stúlkunnar.
- ☐₂ kennari stúlkunnar.
- ☐₃ vinkona stúlkunnar.

8. Hvað merkir orðið „vansæl“ sem bréfitari fann í orðabókinni?

- ☐₁ alsæl
- ☐₂ óhamingjusöm
- ☐₃ vinsæl

9. Hvað þráir stúlkan helst?

- ☐₁ Að eignast nýjar vinkonur.
- ☐₂ Að endurheimta sitt gamla líf.
- ☐₃ Að losna við bróður sinn.

10. Yfirstrikanir í textanum gefa til kynna að stúlkan

- ☐₁ eigi ekkert strokleður.
- ☐₂ sé að flýta sér að skrifa bréfið.
- ☐₃ vilji vanda mál sitt.

Málnotkun

11. Hvert þessara orða er eins í eintölu og fleirtölu?

- ☐₁ hurð
- ☐₂ pappír
- ☐₃ stóll
- ☐₄ tré

12. Vindurinn blés greinum trjána í gluggann?

Hvert undirstrikuðu orðanna er í hvorugkyni?

- ☐₁ vindurinn
- ☐₂ greinum
- ☐₃ trjána
- ☐₄ gluggann

13. Forliðurinn „mis“ er algengur í samsetningu orða.

Við hvert eftirfarandi orða passar hann?

- ☐₁ býli
- ☐₂ lyndur
- ☐₃ orsök
- ☐₄ rækin

14. Sum orð tákna eitthvað óáþreifanlegt, eitthvað sem þú getur ekki snert.

Hvert orðanna hér á eftir er þannig?

- ☐₁ flugvél
- ☐₂ forvitni
- ☐₃ strompur
- ☐₄ vatn

15. Myndbönd um ketti eru vinsælt skemmtiefni á netinu.

Hvert undirstrikuðu orðanna er í hvorugkyni og þágufalli?

- ☐₁ myndbönd
- ☐₂ ketti
- ☐₃ skemmtiefni
- ☐₄ netinu

Vísindamenn ætla að þróa vængi sem breyta um lögun.

16. Í hvaða falli er „vængi“?

- ☐₁ nefnifalli
- ☐₂ þolfalli
- ☐₃ þágufalli
- ☐₄ eignarfalli

17. Hvaða orðflokki tilheyrir „lögun“?

- ☐₁ lýsingarorðum
- ☐₂ nafnorðum
- ☐₃ sagnorðum
- ☐₄ smáorðum

18. Hvernig er nafnorðið „fjall“ í þágufalli fleirtölu?

- ☐₁ fjalla
- ☐₂ fjalli
- ☐₃ fjöll
- ☐₄ fjöllum

19. Hvert þessara sagnorða þýðir að „gera úlfalda úr mýflugu“?

- ☐₁ eyðileggja
- ☐₂ skapa
- ☐₃ svíkja
- ☐₄ ýkja

20. Mér var sama þótt hann ?.

Hvaða orð passar á strikið?

- ☐₁ fari
- ☐₂ fer
- ☐₃ fór
- ☐₄ færi

⊥

21. Siggi syngur fallegt lag um sumarið.

Hvaða orðflokki tilheyrir undirstrikaða orðið?

- ☐₁ lýsingarorðum
- ☐₂ nafnorðum
- ☐₃ sagnorðum
- ☐₄ smáorðum

22. Hvað merkir skammstöfunin t.a.m.?

- ☐₁ til að merkja
- ☐₂ til að mynda
- ☐₃ til annarra manna
- ☐₄ til annarra mála

23. Esjan er ekki staður fyrir vegalaus dýr.

Hvernig er undirstrikaða orðið í kvenkyni, fleirtölu, nefnifalli?

- ☐₁ vegalaus
- ☐₂ vegalausar
- ☐₃ vegalausar
- ☐₄ vegalaust

24. Hér er margt skemmtilegt á boðstólum.

Hvernig er undirstrikaða orðið í karlkyni, fleirtölu, nefnifalli?

- ☐₁ margar
- ☐₂ margir
- ☐₃ margur
- ☐₄ mergð

25. Fólk notar hnífa og skeiðar sjaldan um nætur.

Hvert undirstrikuðu orðanna er í eintölu?

- ☐₁ fólk
- ☐₂ hnífa
- ☐₃ skeiðar
- ☐₄ nætur

⊥

26. Hvernig er nafnorðið „hnöttur“ í eignarfalli fleirtölu?

- ☐₁ hnatta
- ☐₂ hnattrá
- ☐₃ hnetta
- ☐₄ hnötta

27. Hvað telst gott mál?

- ☐₁ Hildur langar í bolta.
- ☐₂ Honum vantar vettlinga.
- ☐₃ Jón hlakkar til vorsins.
- ☐₄ Þá kvíðir fyrir snjónum.

28. Hvað telst gott mál?

- ☐₁ Ég er dóttir Magnúsar og Hróðnýjar.
- ☐₂ Ég er dóttir Magnúsar og Hróðnýju.
- ☐₃ Ég er dóttir Magnúss og Hróðnýjar.
- ☐₄ Ég er dóttir Magnúss og Hróðnýju.

29. Sverrir sagði frá góðri ferð til Frakklands.

Í hvaða falli er undirstrikaða orðið?

- ☐₁ nefnifalli
- ☐₂ þolfalli
- ☐₃ þágufalli
- ☐₄ eignarfalli

30. Um daginn var keppni í lestri.

Hvaða orðflokki tilheyrir undirstrikaða orðið?

- ☐₁ lýsingarorðum
- ☐₂ nafnorðum
- ☐₃ sagnorðum
- ☐₄ smáorðum

Ritun

Skrifaðu sögu um myndina.

Mundu að notfæra þér allt sem þú hefur lært um ritun, til dæmis atburðarás (upphaf, meginmál og endi), stafsetningu og frágang.



└

└

└

Hér má
hvorki skrifa
né stimpla

Handwriting practice lines consisting of 18 horizontal lines.

autt

S/F

0

1

BE

0

1

2

MS

0

1

2

3

E

0

1

2

3

4

└

└

Stafsetning

Nú verður lesin æfing í stafsetningu. Skrifaðu orðin sem vantar í eyðurnar eftir upplestrinum. Hver málsgrein er auðkennd með bókstaf sem lesinn er upp á undan málsgreininni. Fyrst verður gert hlé eftir hverja eyðu þannig að þú hafir tíma til að skrifa orðin. Síðan verður málsgreinin lesin í heild. Loks verða allar málsgreinarnar lesnar aftur.

- A. Mörgum finnst _____ að læra _____
úti í _____ en líka að leita
_____ í tölvum.
- B. Það _____ máli að
námsefnið sé _____.
- C. Vel _____ bækur eru aðlaðandi.
- D. Því er _____ að vanda námsefnisgerð.
- E. Efnið þarf líka að fá _____.
- F. Áður fyrr fór námið oft _____ fram _____
veggja _____.
- G. Það _____ þegar
_____ fjölgaði.
- H. Það er _____ munur á kennslu í dag og áður fyrr.
- I. Við tilheyrum _____ og
_____ standa okkur sæmilega.

Hér má
hvorki skrifa
né stimpla

autt

☐

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix} / \begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 & 0 & 1 \\ \square & \square & \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 & 0 & 1 \\ \square & \square & \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 & 0 & 1 \\ \square & \square & \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 & 0 & 1 \\ \square & \square & \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix}$

$\begin{smallmatrix} 0 & 1 \\ \square & \square \end{smallmatrix}$